



# Sterkari saman

*Jafnrétti og sjálfbær þróun*

# Jafnrétti og sjálfbær þróun

Sjálfbær þróun byggist á virkri þátttöku beggja kynja. Þörf er á þekkingu og sjónarmiðum kvenna jafnt sem karla til að snúa við þeirri þróun sem gengur um of á auðlindir jarðar. Hér er því ekki aðeins um réttlætismál kynjanna að ræða heldur grundvallaratriði til að tryggja farsæla framtíð komandi kynslóða.

Staðardagskrá 21 snýst um sjálfbæra þróun í sveitarfélögum. Til að tryggja framgang Staðardagskrár 21 í sveitarfélögum landsins er mikilvægt að Staðardagskrá 21 öðlist sterkari sess hjá þeim sem taka ákvarðanir um málefni sveitarfélaga.

Jafnréttismál hafa verið í brennidepli í þjóðmálaumræðu síðustu áratuga. Konur taka í auknum mæli þátt í atvinnulífi, afla sér menntunar og beita sér á opinberum vettvangi. En betur má ef duga skal. Það er staðreynd að karlmenn eru í miklum meirihluta í stjórnámálum og stjórnunarstöðum.

Konur hafa mikilvæga þekkingu og reynslu sem nýtist vel þegar leitað er leiða til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar. Reynsla, hugmyndir og hugvit kvenna er verðmæt auðlind sem samfélagið þarfnast við að móta stefnu og taka ákvarðanir sem snerta líf fólksins í landinu. Mikilvægt er að hafa í huga að konur eiga ekki einungis rétt á að taka þátt í mótun samfélagsins heldur ber þeim skylda til þess. Í sveitarstjórnnum gefast mörg tækifæri til að

hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi og mikilvægt er að konur beiti áhrifum sínum þar. Í skýrslu nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum segir:

„Konur eru helmingur þjóðarinnar og hlýtur að vera réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmalastarfa. Tilgangurinn er að bæði konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnámálum og þar með aukast líkur á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.“

Hér er undirstrikaður kjarninn í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar um að hagsmunir heildarinnar séu ávallt hafðir að leiðarljósi. Ekki skal taka ákvarðanir með skammtímahagsmuni afmarkaðra samfélagshópa í huga, heldur skal litið til lengri tíma og samfélagsins í heild. Brýnt er að bæði konur og karlar taki þátt í mótun samfélagsins. Við erum sterkari saman.



## Hvernig hefur þú áhrif?

Talsvert vantar á að konur taki þátt í opinberri stefnumörkun til jafns við karla. Konur eiga ekki aðeins rétt á að taka þátt í þjóðmálum heldur má einnig líta á það sem skyldu þeirra. Til að sinna þessari skyldu þarf að nýta þau tækifæri sem gefast. Hér eru settar fram nokkrar hugmyndir um hvernig konur geta haft áhrif og lagt sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar:

- Taka þátt í starfi sveitarfélagsins að Staðardagskrá 21
- Taka virkan þátt í opnum fundum og íbúðingum í sveitarfélaginu
- Gefa kost á sér til nefndarstarfa í heimabyggð
- Þjófða sig fram í sveitarstjórnarkosningum
- Skrifa greinar í blöð
- Taka þátt í starfi hagsmunasamtaka
- Hvetja aðrar konur til að láta að sér kveða í þjóðmálaumræðu
- Skipuleggja uppákomur sem hvetja til umræðu
- Veita viðtöl í fjölmiðlum
- Senda ábendingar til sveitastjórna



## Þátttaka kvenna er mikilvæg

Konur hafa glögga sýn á hina ólíku þætti þjóðlífsins og því skiptir máli að þær tjái sig t.d. þegar fjallað er um nýtingu náttúruauðlinda og sjálfbæra þróun. Karlar hafa til þessa verið í fararbroddi við innleiðingu sjálfbærrar þróunar en hægt hefur miðað. Lífssýn, reynsla og hugvit kvenna gæti verið sá hvati sem þarf til að hraða ferlinu. Því er mikilvægt að konur komi meira að umræðum og ákvarðanatöku í þeim málaflokkum sem karlar hafa að mestu einokað hingað til.

Í Staðardagskrá 21 er áhersla lögð á íbúalýðræði og upplýsingaflæði milli kjörinna fulltrúa og stofnana sveitarfélaga annars vegar og íbúa hins vegar. Þau íslensku sveitarfélög sem hafa unnið framtíðaráætlun í anda Staðardagskrár 21 leggja áherslu á íbúalýðræði en fá þeirra beina sjónum sérstaklega að jafnri þátttöku kynjanna. Með þessum bæklingi er lögð áhersla á að fá konur með í stefnumótun og framkvæmd sjálfbærrar þróunar í sveitarfélögum ekki síst hvað varðar nýtingu og vernd náttúruauðlinda.

Ljóst er að konur, ekki síður en karlar, eiga ríkra hagsmuna að gæta við nýtingu á auðlindum lands og sjávar enda hafa ákvarðanir þar að lútandi ekki síður áhrif á líf kvenna en karla. Sýn kvenna getur styrkt grundvöll til betri stjórnunar og ákvarðanatöku. Önnur nálgun þar sem tekið er tillit til sjónarmiða bæði kvenna og karla getur aukið líkurnar á að finna betri lausnir sem tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda landsins.



## Hvað er jafnrétti?

Jafnrétti felur í sér að allir einstaklingar eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem Alþingi samþykkti árið 2000, eru taldar upp leiðir til að ná fram markmiðum um jafnrétti. Ein leiðin er sem hér segir:

„Að vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu.“

Einnig er hægt að tala um jafnrétti með víðari skírskotun eins og t.d. með vísan til kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar, fötlunar og svo framvegis. Í þessum bæklingi er einungis fjallað um jafnrétti út frá jafnrétti kynjanna.

## Hvað er sjálfbær þróun?

Hugtakið „sjálfbær þróun“ er sprottið upp úr alþjóðlegri umræðu um umhverfismál og felur í sér að við þurfum að byggja upp aukna hagsæld fyrir íbúa jarðar samhliða því að vernda auðlindir hennar og gæði þannig að komandi kynslóðir taki ekki við verra búi en við.

Langtímasjónarmið eru kjarninn í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Lögð er áhersla á að horfa ekki einungis á skammtíma efnahagsgróða heldur líta til lengri tíma og gefa því gaum hvaða áhrif ákvarðanir okkar hafa á efnahag, samfélag og umhverfi bæði í nútíð og framtíð.

## Hvað er Staðardagskrá 21?

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun einstakra samfélaga á 21. öldinni. Hún er eins konar forskrift að sjálfbærri þróun og snýst um vistfræðilega, efnahagslega og félagslega þætti.

Staðardagskrá 21 er áætlun sem sveitarstjórnir setja sér í því skyni að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar á hverjum stað. Staðardagskrá 21 er ekki einkamál stjórnvalda, heldur sameiginlegt verkefni allra íbúa sveitarfélagsins. Árangur af Staðardagskrá 21 veltur á að allir íbúar viðkomandi sveitarfélags komi að gerð hennar. Þetta kallar á ný vinnubrögð, „nýtt lýðræði“.

Umhverfisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga styðja framgang Staðardagskrár 21 í öllum sveitarfélögum landsins og leggja áherslu á aukna þátttöku kvenna í stefnumótun um Staðardagskrá 21.

Á Íslandi hafa rúmlega 50 sveitarfélög hafið starf að gerð áætlana um Staðardagskrá 21. Í þessum sveitarfélögum búa um 90% íbúa landsins. Er sveitarfélagið þitt þátttakandi í Staðardagskrá 21?

## Nánari upplýsingar er að finna á eftirtöldum slóðum:

[www.samband.is/dagskra21/](http://www.samband.is/dagskra21/)

[www.umhverfisraduneyti.is/](http://www.umhverfisraduneyti.is/)

[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

## Hvað er jafnrétti?

Jafnrétti felur í sér að allir einstaklingar eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem Alþingi samþykkti árið 2000, eru taldar upp leiðir til að ná fram markmiðum um jafnrétti. Ein leiðin er sem hér segir:

„Að vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu.“

Einnig er hægt að tala um jafnrétti með víðari skírskotun eins og t.d. með vísan til kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar, fötlunar og svo framvegis. Í þessum bæklingi er einungis fjallað um jafnrétti út frá jafnrétti kynjanna.

## Hvað er sjálfbær þróun?

Hugtakið „sjálfbær þróun“ er sprottið upp úr alþjóðlegri umræðu um umhverfismál og felur í sér að við þurfum að byggja upp aukna hagsæld fyrir íbúa jarðar samhliða því að vernda auðlindir hennar og gæði þannig að komandi kynslóðir taki ekki við verra búi en við.

Langtímasjónarmið eru kjarninn í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Lögð er áhersla á að horfa ekki einungis á skammtíma efnahagsgróða heldur líta til lengri tíma og gefa því gaum hvaða áhrif ákvarðanir okkar hafa á efnahag, samfélag og umhverfi bæði í nútíð og framtíð.

## Hvað er Staðardagskrá 21?

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun einstakra samfélaga á 21. öldinni. Hún er eins konar forskrift að sjálfbærri þróun og snýst um vistfræðilega, efnahagslega og félagslega þætti.

Staðardagskrá 21 er áætlun sem sveitarstjórnir setja sér í því skyni að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar á hverjum stað. Staðardagskrá 21 er ekki einkamál stjórnvalda, heldur sameiginlegt verkefni allra íbúa sveitarfélagsins. Árangur af Staðardagskrá 21 veltur á að allir íbúar viðkomandi sveitarfélags komi að gerð hennar. Þetta kallar á ný vinnubrögð, „nýtt lýðræði“.

Umhverfisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga styðja framgang Staðardagskrár 21 í öllum sveitarfélögum landsins og leggja áherslu á aukna þátttöku kvenna í stefnumótun um Staðardagskrá 21.

Á Íslandi hafa rúmlega 50 sveitarfélög hafið starf að gerð áætlana um Staðardagskrá 21. Í þessum sveitarfélögum búa um 90% íbúa landsins. Er sveitarfélagið þitt þátttakandi í Staðardagskrá 21?

## Nánari upplýsingar er að finna á eftirtöldum slóðum:

[www.samband.is/dagskra21/](http://www.samband.is/dagskra21/)

[www.umhverfisraduneyti.is/](http://www.umhverfisraduneyti.is/)

[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)